

**Tilmæli 14/2012**

Fyrri númer:
B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00191-17

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013

Með tilvísun til 45. og 56. greinar Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 31. október 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að innan ramma verkefnisins „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“ verði fjármagni varið til að koma á skipulögðu starfi varðandi sjaldgæfa sjúkdóma og sérhæfða meðferð í heilbrigðiskerfinu;

að Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál taki til greina Tilm. 28/2010 um að koma á fót norrænni rafrænni skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði innan ramma þess fjárhagsramma sem lagður er til fyrir verkefnið „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“, eða tryggi lipra og skilvirka samræmingu milli skráa í löndunum;

að á fjárlagaliðnum Ráðstöfunarfé umhverfisráðherranna 3-3310-1 sé gert ráð fyrir verkefni sem leggi fram tillögu að norrænu samstarfi um geislavirkan úrgang á Norðurlöndum;

að Norrænu náttúru- og umhverfisverðlaunin verði hluti af fjárhagsáætluninni á sérstökum fjárlagalið;

að 300.000 DKK eyrnamerkist Norrænni ráðstefnu um menntamál árið 2013 til að tryggja gæði og þróun í grunnmenntun á Norðurlöndum. (Fjármagnist af ráðstöfunarfé á sviði mennta og rannsókna, 2-1505-1 og e.t.v. einnig fjármagnað af Norðurlandaráði);

að raunhæf verkefni sem varða neytendamál verði styrkt um allt að 300.000 DKK;

að varið verði fjármagni til að hefja tafarlaust aðgerðir til að auðvelda nýliðun starfsfólks frá öðrum norrænum löndum á skrifstofunum í Kaupmannahöfn.

Helsingfors, 31. október 2012

Kimmo Sasi

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2012

Fyrri númer:
B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00191-17